
Mannauður Landsbankans





Við tökum vel á móti þér

Landsbankinn hefur á að skipa samhentum hópi kraftmikils og metnaðarfulls starfsfólks í skemmtilegu vinnuumhverfi þar sem aðbúnaður er til fyrirmyndar.

Framúrskarandi starfsfólk

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn og efla það í störfum sínum. Allir sem hefja störf fá góðar móttökur og fræðslu um starfsemi bankans.

Gott starfsumhverfi

Mikil áhersla er lögð á að gera vinnustaðinn skemmtilegan og auka starfsánægju fólks. Þannig bætum við starfsumhverfið, starfsþróun og aukin þekking starfsfólks stuðlar um leið að vexti og arðsemi bankans.

Metnaður og kraftur

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið sjálft, metnaður þess, kraftur og hollusta sé lykillinn að farsælum rekstri bankans.

Mannauðsstefna

Starfsumhverfi

Landsbankinn leggur áherslu á að skapa skemmtilegan og áhugaverðan vinnustað þar sem tækjabúnaður og aðstaða er eins og best verður á kosið. Í bankanum er lögð mikil áhersla á að skapa starfsumhverfi með gagnkvæmum sveigjanleika þar sem þarfir fjölskyldu og starfsfara saman.

Starfsánægja

Góður starfsandi er lykilatriði í bankanum. Jákvætt viðhorf starfsfólks eykur starfs-

ánægju og um leið gagnkvæma virðingu í öllum samskiptum innan bankans.

Ráðningar

Landsbankinn leggur áherslu á að fá til liðs við sig öflugt og traust starfsfólk með fjölbreytilegan bakgrunn. Hverju sinni er tekið mið af reynslu, menntun, og hæfni umsækjenda til að takast á við starfið. Allir sem hefja störf hjá bankanum fá góðar móttökur og fræðslu um starfsemi bankans og markvissa starfsþjálfun.

Starfskjör

Lögð er áhersla á að laun og aðbúnaður séu samkeppnishæf og að hagsmunir starfsfólks og bankans fari saman. Einstaklingar eru metnir á eigin forsendum og ákvarðanir um starfskjör taka mið af frammistöðu, starfi og ábyrgð.

Starfsþróun og fræðsla

Starfsfólk Landsbankans leitast sífellt við að þróast og vaxa í starfi, m.a. með öflugum fræðslustarfi og árlegum starfsmannasamtölum. Virk fræðslustefna miðar að því að starfsfólk geti eftt hæfni sína og nýtt hæfileika sína til fulls hverju sinni.

Þekkingarmiðlun

Til að sinna verkefnum sínum vel þarf starfsfólk á hverjum tíma að hafa greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum. Innri vefur bankans er upplýsingaveita starfsfólks á hverjum tíma. Landsbankinn leggur einnig mikla áherslu á að starfsfólk miðli sífellt af þekkingu sinni til samstarfsmanna.

Jafnrétti

Landsbankinn leggur áherslu á að tryggja jafnrétti innan bankans og að hver starfsmaður sé metinn á eigin forsendum.

Öryggi og heilsuvernd

Landsbankinn leitast við að tryggja öryggi starfsfólks á vinnustað sem og heilsusamlegt starfsumhverfi.

Starfslok vegna aldurs

Í Landsbankanum er fólki sem er að ljúka störfum vegna aldurs boðið á námskeið til að undirbúa starfslok. Á námskeiðinu er fjallað um jákvætt hugarfar við starfslok og farið yfir ýmsa þætti sem auðvelda starfsfólki þessi tímamót og gera þau ánægjuleg.

Mannauðsstefnu framfylgt

Til að viðhalda virkri mannaúðsstefnu notar bankinn hin ýmsu mælitæki til að fá upplýsingar um stöðu bankans á þeim sviðum sem mannaúðsstefnan tekur til. Þar má nefna starfslokagreiningar, mælingar á starfsmannaveltu, þjónustukannanir, reglulegar vinnustaðagreiningar og starfsmannasamtöl. Með markvissum hætti má þannig fá upplýsingar um hvernig mannaúðstefnunni er framfylgt og hversu virk hún er.

Hér er gott að vera

Starfsmenn Landsbankans njóta ýmissa hlunninda í starfi sínu. Félagslíf í bankanum er öflugt og allir starfsmenn koma saman að minnsta kosti tvisvar á ári.

Helstu hlunnindi fastráðinna

- » Starfsmannakjör
- » Samgöngusamningur
- » Mötuneyti – ódýr og hollur matur
- » Ýmsir styrkir, m.a. íþróttastyrkir, gleraugnastyrkir, styrkir til háskólanáms og námskeiðsstyrkir
- » Orlofshús starfsmannafélags Landsbankans

Félagslíf

Félagsstarf í Landsbankanum er öflugt. Starfsmannafélag bankans starfrækir m.a. skemmtinefnd, íþróttanefnd, golfklúbb, handavinnuklúbb, og tafl- og spilanefnd. Þá eru haldin mót innan bankans og m.a. keppt um Skákmeistarann, Bridgemeistarann og Keilumeistarann. Árlegir viðburðir sem allir starfsmenn geta tekið þátt í eru m.a.

starfsdagur bankans, árshátíð og söngkeppni starfsmanna, Lídol.

Fjöldi starfsmanna

Í byrjun árs 2012 eru starfsmenn Landsbankans 1.355 og skiptast þannig að 858 starfa í höfuðstöðvum og 497 í útibúum, þar af eru 220 í útibúum á höfuðborgarsvæðinu.



Kynntu þér Landsbankann sem vinnustað.

Nánari upplýsingar má finna á landsbankinn.is.
